

1. fundur fræðslunefndar vegna Flúðaskóla árið 2013, haldinn 30. janúar 2013 í Flúðaskóla, kl. 14.30. 21. fundur kjörtímabilsins 2010 – 2014.

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson sem ritaði fundargerð, Gunnars Jóhannesson, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir aðstoðarskólastjóri, Eva Marín Hlynisdóttir, fulltrúi úr skólaráði, Lára Bergljót Jónsdóttir, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Ingvar Hjálmarsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Alma Jenný Sigurðardóttir, fulltrúi kennara.

Dagskrá.

- 1. Skýrsla skólastjóra.**
- 2. Beiðni frá starfsmanni um ársleyfi.**
- 3. Skólastefna.**
- 4. Önnur mál.**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra.

Margt hefur á daga okkur drifið síðan síðasta skýrsla var birt þannig að hún er með lengra móti.

Vikuna 5. – 9. nóvember komu nemendur frá Grantofteskole í heimsókn til okkar. Aðaltilgangur heimsóknarinnar var að vinna verkefni um orkuauðlindir í samvinnu við 10. bekkinga Flúðaskóla. Dagskráin var þéttskipuð hjá krökkunum, Búrfellsvirkjun var heimsótt á fimmtudeginum, farið var með þau "Gullna hringinn", nokkrir brugðu sér á hestbak á Kjóstöðum og síðan enduðu þau á Laugarvatni þar sem þau fylgdust með söngvakeppninni sem haldin er þar árlega á sama degi og ML-dagurinn er haldinn. Að venju fóru 9. bekkingar einnig á ML- daginn sem var með breyttu sniði í ár þ.e. búið er að fella út íþróttakeppni sem alltaf var í tengslum við daginn.

Í tilefni af baráttudegi gegn einelti þann 8. nóvember hittust starfsfólk og nemendur skólans í Kvíadal, þar sem við hlustuðum á lag sem íslenska kvennalandsliðið í fótbolta sendi frá sér á dögnum og horfðum á myndbandið með því. Að því loknu fengu allir armband sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið lét útbúa í tilefni dagsins. Með þessu viljum við vekja athygli á því að einelti er ekki liðið í okkar samfélagi. Mikilvægur þáttur í því að koma í veg fyrir einelti eru jákvæð samskipti, alltaf alls staðar.

Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur í skólanum föstudaginn 16. nóvember. Boðið var uppá kjötsúpu, myndasýningu, skemmtiatriði og bingó. Ánægjulegt var hve margir sáu sér fært að heimsækja okkur til að gleðjast með okkur þennan dag. Ágóði af súpusölu sem var 25 þúsund krónur fer í nemendasjóð en til stendur að bæta aðstöðu nemenda í frímínútum.

Stíll, hönnunarsamkeppni Samfés var haldin með pomp og prakt í lok nóvember. Ungmennni úr félagsmiðstöðvum hvaðanæva af landinu tóku þátt í keppninni. Fulltrúar Zero þær Hafdís, Guðleif Erna, Hugrún Embla og Rakel, lentu í öðru sæti í keppninni með Ragnarök sem þótti mjög vel útfært hjá þeim og vakti verkmappa þeirra sérstaka athygli fyrir það hvað hún var frumleg og vel unnin. Verkefnið var unnið í samvinnu við Flúðaskóla hjá Eygló og Helenu, þær buðu upp á valtíma á haustönn þar sem nemendur skiptu sér í fjögurra manna hópa þar sem hver kom með eina hugmynd sem þeir unnu að og síðan var einn hópur valinn til að senda í keppnina.

Það voru gerðar breytingar á fyrirkomulagi jólamatar og litlu jóla að beiðni matráðs. Jólamaturn var fimmtudaginn 20. desember með sama hætti og undanfarin ár uppdekkuð borð og hátíðlegt yfirbragð, á föstudeginum voru síðan litlu jólin með skemmtiatriðum, balli og stofu jólum. Þegar nemendur voru farnir átti starfsfólkið saman notalega stund á kennarastofunni þar sem boðið var upp á veitingar og jólagjafir afhentar.

Þann 3. janúar var starfsdagur og þá var fyrirlestur fyrir starfsfólk sem nefnist heilbrigði og hamingja í skólastarfi og var það einn liður í innleiðingu á heilsueflandi skóla, síðan æfði starfsfólk sig í því að slökkva eld undir leiðsögn Jóhanns Marelssonar í slökkvistöðinni, jafnframt því sem hann var með fræðslu um helstu gerðir slökkvitækja.

Þann 7. janúar gengum við fylktu liði í grenndarskóginn kveiktum upp í eldstæðinu og á kyndlum og sungum nokkur lög saman í tilefni af þrettándanum.

Það eru breytingar á nýju ári þar sem Halla Gunnarsdóttir fer í ársleyfi og við hennar stöðu tekur Ragnar Magnússon kennari. Ólöf Guðnadóttir er í veikindaleyfi út þetta skólaár og mun Bjarni Birgisson kokkur leysa hana af.

Arna Þöll ræstir hefur sagt starfi sínu lausu og búið er að ráða í hennar stað og munu þær breytingar taka gildi 1. febrúar. Claudia Sohan mun verða í 100% starfi við ræstingar og Ragnar Magnússon kennari ræstir 30% á móti henni til vorsins.

Nú er verið að vinna á fullu í námskrárgerð og eru kennarar búnir að lesa yfir almenna hlutann, kennarar hafa einnig verið að skoða drög að námskrárlutum aðalnámskrár. Síðastliðinn þriðjudag var vinnufundur hjá kennurum til að skerpa á sýn og væntingum til skólastarfsins. Unnið var í litlum hópum þar sem horft var til næstu þriggja ára og verða niðurstöður síðan notaðar til að setja niður markmið og verkáætlun til að ná settum markmiðum við innleiðingu nýrrar aðalnámskrár. Stefnt er að lengri vinnufundi með kennurum þar sem línurnar verða lagðar um framkvæmd og samræmingu að nýrri aðalnámskrá.

2. Beiðni frá starfsmanni um ársleyfi.

Skólastjóri lagði fram beiðni frá starfsmanni, Höllu Gunnarsdóttur, þar sem hún sækir um ársleyfi frá 1. janúar til 31. desember 2013. Fræðslunefnd samþykkir beiðnina.

3. Skólastefna.

Formaður fór yfir drög að gerð sameiginlegrar grunnskólastefnu fyrir Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Rætt um næstu skref. Samþykkt að senda drögin til frekari úrvinnslu í „stóra“ hópnum.

4. Önnur mál.

a. Fyrirlestur. Skólastjóri sagði frá því að ætlunin er að fá erindi/fræðslu frá kynjafræðingi fyrir ungmenni í 8. – 10. bekk og foreldra í samstarfi við Zero á næstu vikum. Erindið fyrir ungmennin verður eftir hádegi og fyrir foreldra þá um kvöldið.

b). Fundartími Fræðslunefndar. Rætt um breytingu á fundartíma. Samþykkt að fundir hefjist að jafnaði kl. **14.40** í stað 14.00 áður.

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 15.30.